

# Foreldraráð Ársólar

**Efni:** Fyrsti fundur fyrir skólaárið 2016-2017

**Dagsetning:** 30. janúar 2017

**Staður:** Ársól

**Mættir:** Berglind Grétarsdóttir (BG), skólastjóri og fundarritari, Andrea Ida Jónsdóttir, Þóra Valsdóttir

**Fjarverandi:** Rannveig Hera Finnbogadóttir

---

## 1. Fulltrúar kynntu sig og skiptu með sér embættum

- Fulltrúar í foreldraráði Ársólar á skólaárinu 2016-2017 eru eftirfarandi:
  - Andrea Ida Jónsdóttir, verður formaður. Hún er móðir Arnars Þórarinns á Sunnukoti
  - Rannveig Hera Finnbogadóttir, er meðstjórnandi. Hún er móðir Hrafns Ágústss á Sólheimum.
  - Þóra Valsdóttir, verður ritari. Hún er móðir Daníels á Sjónarhóli.
  - Berglind Grétarsdóttir skólastjóri Ársólar er tengiliður skólans við foreldraráðið og jafnframt gjaldkeri foreldrafélagsins (svo að það þurfi ekki að skipta um prókúruhafa á reikningi félagsins á hverju ári).

## 2. Hlutverk foreldra-ráðsins/félagsins

- Berglind útskýrði stuttlega hlutverk foreldraráða í leikskólum sem hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi, t.d. gaf foreldraráð á síðasta starfsári umsögn þegar til stóð að flytja leikskólann úr Sólheimum í Völundarhús í júlí 2016.
- Einnig gefur ráðið umsagnir til leikskóla um skólanámskrá, starfsáætlanir o.fl.
- Þar sem Ársól er lítill leikskóli þá eru fulltrúar í foreldraráði einnig í foreldrafélaginu.
- Lítið er um utanaðkomandi skemmtanir í Ársól vegna ungs aldurs barnanna. Foreldrafélagið í samstarfi við stjórnendur Ársólar hefur séð um að skipuleggja vor/sumarhátíð leikskólans sem fer fram í lok maí eða byrjun júní ár hvert.
- Foreldrafélagsgjaldið stendur undir kostnaði við vorhátíðina og foreldrafélagið hefur jafnframt styrkt leikskólann með ýmsum gjöfum, t.d. var sexbura kerra keypt fyrir leikskólann á síðasta ári.

## 3. Staða á reikningi foreldrafélagsins

- Staðan á reikningnum er **kr. 188.251**. Það er mjög ríflega fyrir þeim kostnaði sem sumarhátíðin mun kosta en fram að þeim tíma mun kr.64,800 bætast við reikninginn.
- Vill foreldrafélagið styrkja leikskólann um eitthvað? Okkur vantar fleiri myndavélar og viljum einnig skoða vegleg leikföng fyrir börnin sem eru dýr í innkaupum en endast vel.
- Upphæðin mætti vera allt að kr.140,000 í styrk án þess að það komi niður á þá fjárhæð sem er notuð til að dekkja kostnað við sumarhátíðina.
- Þegar ákveðið verður hvort að foreldrafélagið styrki leikskólann um eitthvað mun Berglind sjá um innkaupin fyrir hönd foreldrafélagsins.

#### **4. Fundargerðir foreldraráðs og birting þeirra á heimasíðunni**

- Ekki hefur verið sett inn fundargerðir á heimasíðu Ársól þar sem til stendur að skipta um heimasíðu en það ferli hefur tekið lengri tíma en áætlað var.
- Berglind mun setja inn allar fundargerðir foreldraráðsins á núverandi heimasíðu héðan í frá.

#### **5. Sumarlokun Ársólar**

- Berglind gerði að tillögu sinni að Ársól lokaði í sumar frá hádegi 12. júlí og opnar aftur á hádegi 10. ágúst. Við erum enn að bíða eftir samþykki frá stjórn Skóla ehf. sem rekur skólann og við væntum þess að fá svar í þessari viku.

#### **6. Vorhátíð Ársólar 2017**

- Það er hefð fyrir því að foreldrafélag Ársólar í samvinnu við starfsfólk skólans haldi veglega vorhátíð í lok maí/ byrjun júní á hverju ári.
- Skoppa og Skríttla eða Íþróttarálfurinn hafa verið fastir gestir og einnig er hoppukastali, andlitsmálning og heilsusamlegar veitingar í boði.
- Foreldraráðið ákvað að Sumarhátíð Ársólar verður fimmtudaginn 1. Júní 2017 og Berglind hefur samband við Skoppu og Skríttlu til að athuga hvort að þær komist á þessum degi. Annars athugum við með að fá Íþróttarálfinn en hann sló í gegn á sumarhátíðinni 2016 😊
- Andrea formaður mun kanna með verð á hoppukastala og heilsufrostpinna fyrir börnin á hátíðinni.

#### **7. Starfslok Fag- og framkvæmdastjóra Skóla**

- Fagstjóri Skóla ehf. Ólöf Kristín Sívertsen sem jafnframt hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra mun láta af störfum hjá fyrirtækinu 31. janúar n.k. Þetta er gert vegna skipulagsbreytinga og hagræðingu.
- Þetta mun ekki á neinn hátt hafa áhrif á það góða starf sem fer fram í Ársól og Skólar ehf. ætlar að halda ótrauð áfram að vera leiðandi í heilsueflandi leikskólastarfi á Íslandi.